

## Fundur hjá hverfisráði Grímseyjar þann 22. apríl 2015

### 20. fundur

#### Mætt:

Jóhannes Gísli Henningsson formaður

Karen Nótt Halldórsdóttir ritari

Sigfús Jóhannesson

1. Samgöngumál. Fjöldi ferjuferða til eyjarinnar eru of fáar sem hefur þau áhrif að nýr fiskur kemst oft ekki nægilega fljótt í land sem hefur þá aftur áhrif á verð hans. Að auki hefur þetta mikil áhrif á ferðaþjónustuna. Við viljum að Akureyrarbær beiti sér fyrir því að ferðum verði fjölgæð á ársgrundvelli.

Einnig er flugverð afar hátt, við óskum eftir því að komið verði til móts við Grímseyinga á því sviði með einhverjum hætti.

1. Girðingar uppi í almenningi þarfnaðast enn viðgerða.
2. Nú er í vinnslu að lagfæra gámasvæðið en við viljum benda á að það nægir ekki að fá nýja gáma, það þarf einnig nauðsynlega að steypa svæðið undir þá og í kring. Eins og staðan er í dag er einungis möl undir gámunum sem breytist í drullusvað við smávegis bleytu og gerir svæðið afar sóðalegt. Svæðið er eitt af því fyrsta sem fólk sér af eynni þegar það kemur með ferjunni og því nauðsynlegt að hafa það í lagi.
3. Ráða þarf mann í fullt starf 3-4 mánuði yfir sumartímann í viðhald á eignum og umhverfi.
4. Mun bærinn bjóða upp á bæjarvinnu fyrir unglingsana í sumar?  
Umhverfisfegrún er orðið afar brýnt mál.
5. Laga þarf aðgengi norðan við sundlaug. Nú er bara einn mjór göngustígur sem liggar upp að henni vestan megin frá.
6. Tjaldsvæðið þarfnaðast lagfæringa og viðhalds. Svæðið sjálf er ekkert afmarkað, það vantar allar merkingar, til að mynda er ekkert

tjaldsvæðisskilti og salernishúsið er á undarlegum stað austan við félagsheimilið næstum því ofan í leikvelli barnanna. Enginn aðbúnaður er fyrir ferðafólk svo sem vaskar utanhúss eða grill.

7. Engin íþróttaaðstaða er í eynni og eru skólabörnum kenndar íþróttir í sal félagsheimilisins sem er engan vegin gerður til þess. Því vantar sárlega utanumbyggðan sparkvöll með lýsingu sem allra fyrst. Plan með mörkum nægir ekki þar sem boltar fjúka ítrekað út í sjó.
8. Nú eykst ferðamannafjöldi hér sífellt og strandveiðimenn leggja hér að á sumrin og finnum við fyrir því að engin salernisaðstaða er fyrir hendi. Upp kom sú hugmynd að koma upp salernisaðstöðu á bryggjunni sem yrði e.t.v. í gánum einungis yfir sumartímann.

Grímsey, 22.apríl 2015

Jóhannes Gísli Henningsson, formaður

Karen Nótt Halldórsdóttir, ritari

Sigfús Jóhannesson

Jóhannes G. Henningsson  
Karen Nott Halldorsdottir  
Sigfus J. Jóhannesson